

Ferðamannabílar sumarið 2023

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á afgreiðslu ferðamannabifreiða. Ástæða breytinganna er til að gera ferlið 100% rafrænt með tilkomu SAD aðflutningskýrslunnar og einfalda ferla. Ferlið á eingöngu við bifreiðar sem eru á farmskrá.

Búnir hafa verið til 3 nýir kóðar til að nota í reit 44 (viðbótarupplýsingar) sem hægt er að taka út í listum til að leita eftir ökutækjum. Áfram verður notað E9 en núna eingöngu á PDF formi með bráðabirgðaskýrslu BB, BL, BC eða BF (ferðamenn)

Nýir kóðar eru eftirfarandi:

- 1. TEG Tegund ökutækis t.d Toyota Corolla- Mazda 3- Nissa leaf ofrsv.**
- 2. COL Litur ökutækis**
- 3. TIM Tímabil sem ökutæki áætlað að dvelja í landinu. Skráist: DD.MM.YYYY**

Nú þegar er til kóðinn SNE sem er vegna fastanúmers erlendra ökutækja

Skila þarf inn bráðabirgðaskýrslu rafrænt sem við á hverju sinni þegar ökutæki á erlendum númerum eru að koma til landsins. Skrá þarf í reit 44 (viðbótarupplýsingar) nýju kóðana ásamt SNE og erlenda skráningarnúmerinu í einni runu t.d. PN14TSY. Passa þarf að skrá nafn í reit 8 og það stemmi við farmskrá.

BB: Ökutæki í tímabundnum innflutningi sem þarf ekki að greiða leigu

BL: Ökutæki í tímabundnum innflutningi vegna atvinnustarfsemi og verið er að leiga

BC: Ökutæki á Ata carneti

BF: Ferðamannabílar, gerð er einföld skýrsla án allra gjalda, tollflokkur 9816.1000, vy-lykill 7,

Ef farangur er í ökutækinu þarf að gefa það upp á skýrslunni, setja í tollflokk 9802.2000 og fylla út farangursyfirlýsingu á senda á skjalaskil@skatturinn.is

Ef önnur ökutæki eru á sendingarnúmerinu þá er það skráð í aðra línu og passa að skrá SNE, TEG, COL og TIM í reit 44.

Fylgiskjöl sem eiga fylgja með:

Skráningarskírteini ökutækis

Útfyllt E9

Græna alþjóðlega tryggingarskírteinið ef um ökutæki utan EES svæðisins er að ræða.

Farangursyfirlýsing ef við á.

Komutilkynning/flutningsgjaldatilkynning

Reikninga/leigureikninga, önnur skjöl sem við á (BB, BL, BC).

Sendu þarf öll skjöl á skjalaskil@skatturinn.is setja sendingarnúmerið í subject án allra aukastafa

Þegar starfsmenn Skattsins hafa yfirfarið gögn og samþykkt, fer út rafræn afhendingarhimild til farmflytjanda sem getur þá afhent ökutækið.

Eftirfarandi upplýsingar er gott að hafa í huga:

Námsmenn: fara í BB afgreiðslu, án greiðslu tryggingar

Í atvinnuskyni (ökutækið ekki notað í vinnu) , er BB afgreiðsla án greiðslu tryggingar

Vegna búferlaflutninga= BV skýrsla án greiðslu tryggingar

Hópferðabílar-einn hópur = BF skýrsla

Sendiferðabílar, skoða þarf út frá notkun, ef búið að breyta í húsbíl og ekki notað í atvinnustarfsemi þá BF skýrsla, ef með geymsluplássi þá er þetta atvinnutæki og ekki ferðamannabíll, athuga þarf líka hvað sé mörg sæti í bílnum, ef umfram 7 þá þarf að skoða vel hvort sé hópferðabíll og þá er ökutækið atvinnutæki og á að fara í BB/BL og greiða tryggingu.

Ef vitað er að ökutækið fer út með öðrum farmflytjanda en það kemur inn með er nauðsýnlegt, ef þær upplýsingar liggja fyrir, að setja þær í athugasemdar til að auðvelda eftirlit með útflutningi þeirra.

Ítrekað er að aðeins innflytjandi getur sótt ökutækin